

12. gr.

Hvenær reglugerðin gengur í gildi.

24

1. apríl

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1937.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 1. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

25

3. apríl

**um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í
Sígulfjarðarkaupstað frá 28. júlí 1931.**

Í stað 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar: Húsum kaupstaðarins ... því, sem þar er yfir 1‰, komi:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2½‰ af fasteignamatsverði húsanna.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

26

7. apríl

um skemmtanaskatt í Borgarhreppi.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 10. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Borgarhreppi og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikar.

- 26 c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
 7. apríl d. Fyrirlestrar og upplestrar.
 e. Kvikmyndir og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansleikar.
 b. Danssýningar.
 c. Loddara- og fjölleikasýningar.
 d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að, en ekki eru haldnar sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, er falla undir 1. flokk, skal greiða 10% af aðgöngu-eyri og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki, 20%. Ef skemmtunin er margþætt, skal skatturinn miðaður við þann þátt hennar, sem hærra er skattaður.

4. gr.

Undantekningar frá skattgreiðslu veitir hreppsnefnd, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Borgarhrepps hefir eftirlit með, að reglugerð þessari sé hlýtt, og sér um innheimtu skattsins. Ræður hún til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

9. gr.

Hver, sem vill halda skemmtun, sem aðganga er seld að, skal tilkynna eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skuli haldin.

7. gr.

Aðgöngu má eigi selja að skemmtun nema gegn aðgöngumiða, sem eftirlitsmaður hefir stimplað og afhent, enda skal hann ávallt hafa fyrirliggjandi nægar byrgðir af þeim. Kostnaður við þá greiðist af skatttekjum, en gerð þeirra ákveður hreppsnefnd.

Um leið og aðgöngumiðar eru afhentir, skal færa í þar til gerða bók tölu þeirra og verð og reikna út upphæð skattsins.

8. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem keypt hefir aðgöngumiða að skemmtun, að bera hann framan á sér, svo hann sjáist greinilega, á meðan skemmtunin stendur yfir.

9. gr.

Þóknun til eftirlitsmanns fyrir starf hans ákveður hreppsnefnd, og skal hún vera ákveðinn hundradshluti af innheimtum skatttekjum og greiðist af þeim.

10. gr.

26

7. apríl

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. Skattgjaldið má taka lögtaki.

11. gr.

Strax eftir að skemmtun er lokið skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkvæmt 3. gr., af öllum þeim miðum, sem hann tók á móti að frádregnum þeim ónotuðu.

12. gr.

Skattatekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó halda fé þessu í sérstökum sjóði, sem skal vera undir stjórn hreppsnefndar, og skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum.

Fé sjóðsins má verja til einkasímakerfis í hreppnum, viðhalds þess og starfrækslu, samkvæmt samþykkt um það settri eftir ákvæðum laga nr. 11, 14. júní 1929.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000,00, og skal fara með mál, sem rísa út af þeim, sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1936.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

G J A L D S K R Á

27

14. apríl

fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Verð á sjó til fiskþvottar skal vera eins og hér segir, miðað við 100 kg af fiski:
 Af fullverkuðum fiski (þurrfiski) greiðist 8 aurar.
 Af hálfverkuðum fiski (saltfiski) greiðist 4 aurar.
 Af óverkuðum fiski (blautfiski) greiðist 2 aurar.
 Gjaldið af blautfiski greiðist aðeins af fiski, sem er settur í kassa í landi.